

**AUGLÝSING**

242

31. des.

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.**

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

52. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag blaðamanna, Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 31. desember 1951.
53. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Víkurkaupþúns. Varnarþing í Vík í Mýrdal. Staðfest 31. október 1952.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1952.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

**AUGLÝSING**

243

31. des.

**um breytingar á ræktunarsamþykktum á félagssvæði Búnaðarsambands Austurlands.**

1. Samþykkt fyrir Ræktunarfélag Mjóafjarðar (8. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands), frá 21. jan. 1949.

Stofnsjóður með auglýsingu, útg. 25. febr. 1952, hækkaður úr kr. 40 000.00 í kr. 80 000.00.

*Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1952.*

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

**AUGLÝSING**

244

31. des.

**um breytingar á ræktunarsamþykktum á félagssvæði Búnaðarsambands Vestfjarða.**

1. Samþykkt fyrir Ræktunarsamband Búnaðarfélags Hólshrepps, Búnaðarfélags Eyrarhrepps og Búnaðarfélags Súðavíkurrepps (8. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða), frá 5. marz 1948.

Stofnsjóður er með auglýsingu, útg. 13. okt. 1952, hækkaður úr kr. 110 000.00 í kr. 300 000.00.